

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1262  
komudagur 21.12.2012



SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS

SFF

SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2012

**Varðar: Frv. til I. um ráðstafanir í ríkisfjármálum - skattskylda erlendra aðila af vaxtatekjum.**

SA og SFF hafa tekið til skoðunar breytingartillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar við 4. gr. frumvarpsins varðandi skattskyldu aðila með takmarkaða skattskyldu af vaxtatekjum (þingskjal 819). Upphafleg tillaga í frumvarpinu um afnám skattskyldu erlendra aðila af vaxtatekjum er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maí 2011 í tengslum við kjarasamninga og var hún sett fram eftir ítarlega skoðun í fjármálaráðuneytinu að höfðu samráði við SA og SFF. Samkvæmt upplýsingum SFF frá fjármálaráðuneyti var það niðurstaða ráðuneytisins að ekki væri mögulegt að innleiða danskar reglur um þetta efni hér á landi eins og að var stefnt og því varð niðurstaðan að afnema með öllu skattskyldu erlendra aðila af vaxtatekjum.

Tilgangurinn með breytingunni var að ryðja úr vegi alvarlegum hindrunum íslenskra fyrirtækja til fjármögnunar með útgáfu og skráningu alþjóðlegra skuldabréfamma (EMTN). Þetta á jafnt við um fjármálafyrirtæki sem og önnur stórfyrirtæki, í einkaeigu eða opinberri eigu. Eins nefndinni er kunnugt um hafa gildandi skattalög haft þau áhrif að erlendar verðbréfaskráningar hafa hafnað því að taka íslensk bréf til skráningar og viðskipta á erlendum mörkuðum vegna ómöguleika við framkvæmd íslenskra skattalaga um þetta efni. Sú tillaga sem meirihluti efnahags- og skattanefndar setur fram í álitu sínu liðkar ekki með nokkru móti fyrir fjármögnun íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum og mun valda enn meiri ringulreið í samskiptum íslenskra fyrirtækja við erlenda fjármagnsmarkaði sem furða sig á tíðum og ómarkvissum skattalagabreytingum hér á landi. Verði hún að lögum mun Alþingi stuðla að áframhaldandi frosti í þessari fjármögnunarleið og þannig viðhalda þeim ómöguleika sem íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir við fjármögnun.

Vinnubrögð meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar í þessu máli vekja furðu samtakanna, þ.e. að gera breytingar á fyrirliggjandi tillögu á síðasta eða síðustu dögum þingsins þvert á sjónarmið hagsmunaaðila og niðurstöðu fjármálaráðuneytisins eftir ítarlega skoðun á málinu, þar á meðal þeirri hugmynd sem meiri hlutinn setur fram í sinni breytingartillögu

SA og SFF ítreka nauðsyn þess að afnema skattskyldu erlendra aðila af vaxtatekjum.

Virðingarfyllt,

Vilhjálmur Egilsson  
Samtök atvinnulífsins

Guðjón Rúnarsson  
Samtök fjármálafyrirtækja